Viðtal

# Þjálfari verður til

EFTIR ERFIÐA BYRJUN Á FERLINUM ER RAFAEL BENÍTEZ ORÐINN EINN SIGURSÆLASTI KNATTSPYRNUSTJÓRI EVRÓPU. KNATTSPYRNUSTJÓRNUN HEILLAÐI HANN FRÁ UPPHAFI OG SPÁNVERJINN HEFUR STUNDAÐ STÍFAR RANNSÓKNIR OG NÁLGAST KNATTSPYRNU EINS OG VÍSINDI, EINS OG FRAM KEMUR Í SAMTALI VIÐ SUNNUDAGSBLAÐ MORGUNBLAÐSINS.

**Arthur Renard** info@arthurrenard.nl



Létt var yfir Rafael Benítez á blaðamannafundi eftir að hann tók við Real Madríd.

AFP

Nákvæmlega tuttugu árum eftir að hann yfirgaf Santiago Bernabéu til að reyna fyrir sér sem aðalþjálfari er Rafael Benítez kominn aftur þangað sem ferillinn hófst, 55 ára að aldri. Hann ólst upp í akademíunni hjá Real Madríd og stýrði í framhaldinu nokkrum af yngri liðum félagsins og hlýtur því að líða eins og hann hafi farið heilhring. Síðustu tuttugu árin hefur hann aflað sér reynslu annars staðar og reynst sigursæll knattspyrnustjóri félaga á borð við Valencia, Liverpool og Chelsea, þar sem hann hefur unnið nokkra lands- og Evróputitla. Aðferðir hans hafa löngu sannað sig enda eru stóru titlarnir orðnir tólf í það heila.

Eigi að síður hefur knattspyrnustjóraferill hans ekki alltaf verið dans á rósum. Hann þurfti að finna sína eigin nálgun eftir að hafa orðið fyrir vonbrigðum í upphafi ferilsins.

Eftir að hafa getið sér gott orð í akademíunni hjá Real Madríd – þar sem hann vann fjölda titla í yngri flokkunum – var þjálfarinn, sem fæddist í Madríd, ráðinn knattspyrnustjóri annarrardeildarliðsins Real Valladolid árið 1995. Væntingar voru miklar en útkoma þess ævintýris varð önnur en hann vonaðist eftir. Skömmu eftir að hann tók við starfinu þurfti hann að breyta áformum sínum, þar sem Valladolid vann sér óvænt sæti í efstu deild. Liðið fór upp ásamt Albacete þar sem Celta de Vigo og Sevilla var vísað úr keppni vegna fjármálaóreiðu. Enda þótt þessi félög endurheimtu sæti sín eftir áfrýjun hélt Valladolid sínu sæti í Primera División og Benítez þurfti að styrkja lið sitt til að eiga möguleika á að keppa við þá bestu.

## Lenti snemma í basli

„Ég minnist þess að ég var að fá mér kríu á síestunni – síðdegishléinu á Spáni – og þegar ég vaknaði var mér tjáð að við værum komnir í efstu deild. Ágústmánuður var hálfnaður, sem þýddi að við höfðum bara fimmtán daga til að bæta við okkur leikmönnum. Við keyptum tvo menn til viðbótar en uppistaðan í liðinu var ungir leikmenn sem á þeim tíma áttu betur heima í næstefstu deild. Við lentum snemma í basli og stjórn félagsins tjáði mér að ég væri of ungur og vantaði alla reynslu. Síðan losuðu þeir sig við mig.“

Sparktíðin var aðeins hálfnuð og fyrsta reynsla Benítez af knattspyrnustjórastarfinu var ekki góð. Hann fékk þó annað tækifæri árið eftir hjá Osasuna, liði í annarri deildinni. Aftur varð dvöl hans stutt í annan endann, þegar taugaveikluð stjórn sagði honum upp störfum eftir aðeins níu vikur á grundvelli reynsluleysis.

Benítez hafði verið sagt upp tvisvar á tæpu ári, sem seint verður talin óskabyrjun hjá ungum og metnaðarfullum knattspyrnustjóra. Samt sem áður var hann ekki uggandi um framtíðina. „Ég var alltaf sannfærður um að ég myndi ná árangri, vegna þess að ég lagði svo hart að mér. Sjálfstraustið hafði ekki beðið hnekki,“ segir hann.

Sjálfstraustið hafði hann byggt upp áður en hann varð aðalþjálfari með því að afla sér þekkingar á íþróttinni og almennrar lífsreynslu. Innsæi hans hafði getið af sér mótaða sýn á knattspyrnu sem fékk hann til að trúa því að hans tími myndi koma. Benítez varð snemma staðráðinn í að verða knattspyrnustjóri. Þrettán ára gömlum var honum boðið að æfa í akademíunni hjá Real Madríd. Enda þótt hann æli að sjálfsögðu þann draum í brjósti að verða atvinnumaður í greininni sjálfur var hann strax byrjaður að nota hæfileika sína til að kryfja leikinn taktískt. Hann var vanur að skrifa athugasemdir sínar í litla minnisblokk, þar á meðal ráð til handa samherjum sínum. Hann kynnti sér fleiri hliðar leiksins í háskóla, þar sem hann lagði stund á nám í íþróttafræðum. Þar öðlaðist hann líka reynslu sem þjálfari.

## Ekkert óviðkomandi

„Ég lék með háskólaliðinu en var þjálfari þess um leið. Ekkert var mér með öðrum orðum óviðkomandi, sem þýddi að ég lærði að greina knattspyrnu á ýmsa vegu.“

Á sama tíma stjórnaði hann líka liði í hverfinu heima í Madríd. Eftir að hann lauk prófi vann Benítez sem íþróttakennari við hina ýmsu skóla og öðlaðist þannig aukna reynslu sem þjálfari. „Ég var að kenna börnum og skipuleggja keppni. Ég var alltaf að stjórna fólki og liðum.“

Sjálfur fór hann aldrei á flug sem leikmaður, að hluta til vegna hnémeiðsla sem hann varð fyrir á háskólamóti í Mexíkó árið 1979. Hann náði sér aldrei að fullu og eftir að hafa leikið í nokkur ár fyrir neðrideildarliðin Parla og Linares neyddist hann til að leggja skóna á hilluna 26 ára gamall.

Skömmu síðar hóf hann störf sem tæknilegur stjórnandi við nokkrar líkamsræktarstöðvar og bauðst um líkt leyti starf sem þjálfari í unglingaakademíu Real Madríd. Þar tók hann hröðum framförum, þökk sé aðstöðunni og fólkinu í kringum hann.

„Ég lærði margt af góðum og reyndum þjálfurum. Þetta var þegar „Gammakvintettinn“ frægi var á staðnum, Emilio Butragueño, Míchel, Manolo Sanchís, Martín Vázquez og Miguel Pardeza. Ég fylgdist grannt með þeim og æfði meira að segja og spilaði með sumum þeirra, svo sem Butragueño og Míchel.“

Það var ekki bara hans eigið félag sem hafði áhrif á hugmyndafræði Benítez. Hann hafði dáð Franz Beckenbauer sem leikmann en þótti mikið til ólíkra þjálfara í Evrópu koma. „Arrigo Sacchi var líklega í mestu uppáhaldi, ég hafði mikið yndi af AC Milan-liðinu hans. En ég heillaðist líka af Barcelona-liðinu hans Johans Cruijffs, sem lék í hollenskum anda. Hann kom með 3-4-3-kerfið til Spánar. Seinna fylgdist ég líka grannt með Ajax þegar liðið varð Evrópumeistari undir stjórn Louis van Gaal og fleiri hollenskum liðum. Í þjálfun minni studdist ég við margar æfingar sem þessir þjálfarar notuðu. Þetta snerist mikið um að halda boltanum og halda stöðum.“

## Á æfingu í brúðkaupsferðinni

Benítez lærði mikið á því að heimsækja hin ýmsu félög erlendis og kynna sér aðferðir þeirra. „Ég ferðaðist um Spán, Frakkland, Ítalíu, England, Holland og jafnvel Bandaríkin til að fylgjast með því hvað ólíkir þjálfara voru að gera.“ Hann minnist einnar ferðar sérstaklega, við mjög sérstök skilyrði. „Við hjónin vorum á brúðkaupsferð í Evrópu. Ein af borgunum sem við heimsóttum var Amsterdam og mig langaði að líta inn á æfingu hjá Ajax. Frúin var ekkert sérstaklega glöð með þá ráðstöfun en þar sem við höfðum farið á safn fyrr um daginn lét hún til leiðast. Meðan á þessari ferð stóð leyfði hún mér að fara á fleiri æfingar hjá knattspyrnuliðum enda var ferðin með miklu menningarívafi líka. Hún er mjög almennileg hvað þetta varðar, sem kom sér vel þarna, ég lærði heilan helling.“

Eitt af því sem Benítez komst á snoðir um í Amsterdam var TIPS-líkanið (tækni, innsæi, persónuleiki, snerpa) sem var í notkun í akademíunni hjá Ajax. Síðan fór hann heim og greindi leiki liðsins á myndböndum út frá téðu líkani.

Frá Amsterdam lá leið þeirra hjóna til Rómar og þaðan til Toscana, þar sem hann heilsaði upp á Adriano Bacconi, sem hafði ásamt þjálfaranum Mircea Lucescu þróað tölvuforrit sem gat séð þjálfara fyrir gögnum og myndefni í búningsklefanum í leikhléi. Benítez, sem er forvitinn að eðlifari, sá í hendi sér að þetta gæti hann nýtt sér. Allar götur síðan hafa mörg fótboltaforrit verið hluti af vopnabúri hans.

Líklega lærði hann mest á Ítalíu, landi sem kann sína taktík upp á tíu. Hann heimsótti höfuðstöðvar ítalska knattspyrnusambandsins í Coverciano nokkrum sinnum, þar sem landsliðið æfði undir stjórn Sacchis. „Ég punktaði hjá mér og eftir æfingar spjallaði ég við Sacchi og spurði hann í þaula um aðferðir hans.“

Benítez stakk einnig við stafni hjá AC Milan meðan Fabio Capello var þjálfari þar. Hann átti hvort eð er reglulega leið til Ítalíu til að fylgjast með yngri liðum Real Madríd á alls kyns mótum.



AP

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, og Rafael Benítez með Evrópubikarinn kvöldið ótrúlega í Istanbúl 2005. „Stevie er svo ótrúlega góður að ég var alltaf að reyna að ýta honum aðeins lengra.“

## Tók upp á tvö tæki

Reynslan frá útlöndum átti þátt í að móta hann, auk þess sem hann jók við þekkingu sína með því að sökkva sér í bækur, tímarit og myndbönd. Frá unga aldri myndritaði hann ýmsa leiki. „Ég byrjaði í Beta-kerfinu áður en ég fékk mér VHS og notaði þá gjarnan tvö tæki í einu. Með öðru tækinu tók ég upp allan leikinn en valda kafla með hinu sem ég sýndi leikmönnum mínum síðan í fræðsluskyni. Þegar við ferðuðumst milli staða í rútu var upplagt að sýna leikmönnunum þetta efni og segja þeim til dæmis: Hér sjáið þið sérstöðu AC Milan, fylgist með hvernig leikmennirnir pressa!“

Síðar leysti DVD VHS-spólurnar af hólmi og í dag er Benítez með allt efni af þessu tagi í stafrænu formi á tölvunni sinni. Hjá Napólí, þar sem Benítez var síðast, fékk hver leikmaður efni með pennastrikum frá þjálfaranum eftir leiki. Allt myndefni og upplýsingar á tölvunni hans Benítez er afrakstur endalausra klukkustunda sem hann hefur horft á knattspyrnu. Hann nýtir hverja stund sem hann hefur aflögu til að horfa á og greina leiki. „Þegar dóttir mín, Claudia, var lítil notaði ég tímann meðan ég var að gefa henni pelann klukkan eitt eða fjögur á nóttunni til að horfa á leiki á myndbandi.“




AFP

Rafael Benítez ásamt Florentino Pérez, forseta Real Madríd, þegar hann tók við liðinu á dögunum.

Aðferðir Benítez virkuðu vel í akademíunni hjá Real Madríd. Hann vann deildina einu sinni og bikarinn tvisvar á þremur árum með 19 ára liðinu. Í framhaldinu var hann ráðinn knattspyrnustjóri Castilla CF, b-liðs Real Madríd, sem lék í annarri deild. Það tímabil, 1993-94, aðstoðaði Benítez meira að segja Vicente del Bosque með aðalliðið um skeið. Eftir að hafa stýrt varaliðinu í eitt ár til viðbótar fannst Benítez tímabært að reyna fyrir sér sem aðalþjálfari. En eins og fram hefur komið gekk illa hjá bæði Real Valladolid og Osasuna, þar sem hvorugt félag hafði þolinmæði gagnvart hinum unga þjálfara.

„Ég var sannfærður um að ég gæti staðið mig en fékk ekki almennilegt tækifæri, þar sem þeim fannst ég ekki nægilega reyndur. Það var svekkjandi. Eflaust hefur einhverjum fundist ég vera að standa mig illa en það er ekki rétt, aðstæður voru bara erfiðar,“ segir hann.

## Maður lærir inn á fólk

Þrátt fyrir að gæfi á bátinn lærði hann sitthvað. „Ég byrjaði að greina hlutina á annan hátt. Hjá Real Madríd var ég vanur að vera með bestu leikmennina og berjast um titlana. Fari maður til annars félags, með annan stjórnarformann og annað upplegg, er verkefnið allt annað. Þá kemst maður að því hvað sagt er við mann nái maður ekki tilhlýðilegum árangri. Maður lærir inn á fólk og áttar sig á því hvað þarf að passa næst.“

Til allrar hamingju fékk Benítez fljótt þriðja tækifærið. Extremadura, félagið frá Almendralejo sem nú hefur lagt upp laupana, setti sig í samband við hann eftir að liðið féll úr efstu deildinni. Það var enn eitt erfitt verkefni – félagið þurfti að selja bestu menn sína vegna fjárhagserfiðleika – en Benítez tókst eigi að síður að koma liðinu strax upp aftur. Enda þótt Extremadura félli úr Primera División árið eftir hafði Benítez sannfært sjálfan sig og aðra. Hann væri á réttri hillu.

Ári síðar réði Tenerife hann í sama augnamiði, að koma liðinu upp í efstu deild. Og aftur gekk rófan. Það varð til þess að Valencia vildi fá Benítez til að leysa af hólmi hinn sigursæla Héctor Cúper, sem hafði farið með liðið í tvo úrslitaleiki í Meistaradeild Evrópu í röð. Benítez gerði enn betur, tryggði Valencia sinn fyrst Spánarmeistaratitil í 31 ár, veturinn 2001-02.

„Það var mikið afrek. Við vorum að etja kappi við lið eins og Real Madríd, Barcelona, Deportivo La Coruña og Sevilla og vorum firnasterkir á þessum tíma.“

Á skömmum tíma tókst Benítez að innleiða hugmyndafræði sína hjá Valencia, með lítillega breyttum áherslum.

„Valencia-lið Cúpers var gott en lagði mikið upp úr skyndisóknum. Ég reyndi að færa varnarlínuna aðeins framar og lagði áherslu á að halda boltanum betur innan liðsins. Þetta virkaði og smám saman fórum við að stjórna leiknum betur.“

*„Ég byrjaði í Beta-kerfinu áður en ég fékk mér VHS og notaði þá gjarnan tvö tæki í einu. Með öðru tækinu tók ég upp allan leikinn en valda kafla með hinu sem ég sýndi leikmönnum mínum.“*

Árið 2004 vann Benítez deildina aftur með Valencia ásamt UEFA-bikarnum. Skömmu síðar samdi Liverpool við hann, en þar á bæ mátu menn það svo að hann væri rétti maðurinn til að koma „Rauða hernum“ aftur á rétta braut.

## Mikill skákáhugamaður

Benítez var orðin frægur fyrir svæðisvöldun og að rótera leikmönnum og naut virðingar víðs vegar um Evrópu fyrir ferska nálgun sína og gott auga fyrir smáatriðum. Leikmenn hældu honum á hvert reipi fyrir að undirbúa leiki af kostgæfni, hann var sagður vita allt um andstæðinginn. Stíl hans var oftar en ekki líkt við skák, sem er vel að merkja íþrótt sem hann hefur lagt stund á frá blautu barnsbeini. Meðan við sitjum að spjalli dregur Benítez fram símann sinn til að sýna mér skákapp sem hann grípur í annað veifið. „Erfiðleikastuðullinn er hár en ég er alveg kolómögulegur,“ segir hann hlæjandi.




Ætli Benítez takist að gera stórstjörnu Madrídarliðsins, Cristiano Ronaldo, enn betri?

AFP

Hann kveðst hafa verið betri skákmaður þegar hann var yngri. „Þegar ég var tólf til fimmtán ára las ég mikið af skákbókum og greindi fjölmargar byrjanir. Þetta var meðan Bóris Spasskí og Anatólí Karpov voru upp á sitt besta.“

Eftir þetta tefldi Benítez minna, þar sem hann var upptekinn við annað, en áhuginn hefur alltaf verið fyrir hendi. „Ég hef ekki mikinn tíma til að tefla í dag en á sumrin skipuleggjum við mót með vinum heima á Spáni. Ef ég man rétt glímdu Spasskí og Karpov yfirleitt á sumrin líka. Ég man eftir að hafa tekið þátt í skák eitt sumarið sem stóð í fjórar klukkustundir ...“

Skák og knattspyrna eru um margt líkar greinar, nota þarf svæði vel, klekkja á andstæðingnum og ná valdi á miðju vallarins eða borðsins. Báðar greinar kalla á yfirsýn. Um það erum við Benítez sammála. „Já, hugsa þarf fram í tímann. Góður skákmaður sér alltaf nokkra leiki fram í tímann. Sama gildir um fótboltann. Einu sinni var ég að horfa á leik í sjónvarpinu með konunni minni og spáði fyrir um hvað myndi gerast. „Hvernig veistu?“ hnussaði í henni. Reynsla, mín kæra, reynsla, svaraði ég. Við getum horft á sama leikinn en sjáum ekki endilega það sama.“

## Krókur á móti bragði

Sem knattspyrnustjóri reynir Benítez ávallt að hugsa nokkra leiki fram í tímann, jafnvel áður en flautað er til leiks, og bryddar jafnvel upp á sínum eigin „byrjunum“ til að rugla andstæðinginn í ríminu. Fyrsta árið sem hann var með Liverpool stillti hann liðinu upp á ákveðinn hátt fyrir mikilvægan útileik gegn Juventus í Meistaradeildinni en breytti uppstillingunni síðan eftir fáeinar mínútur. „Þetta var gert til að koma þeim úr jafnvægi. Á Ítalíu er andstæðingurinn skoðaður niður í kjölinn og fyrir þennan leik sagði ég: Strákar, við byrjum með fjóra í öftustu línu en eftir tvær til þrjár mínútur þegar þeir hafa lagað sig að því kerfi fjölgum við í fimm.“

Bragðið heppnaðist, þar sem Liverpool tókst að hanga á 0:0-jafntefli sem dugði liðinu þar sem það hafði unnið heimaleikinn 2:1. Eftir að hafa lagt Chelsea í undanúrslitum fór Liverpool í sjálfan úrslitaleikinn í Istanbúl og vann þar sögufrægan sigur á AC Milan, eftir að hafa verið 3:0 undir í leikhléi. Hálfleiksræða Benítez og taktískar breytingar áttu sinn þátt í þeirri endurkomu, 3:3. Liverpool vann síðan leikinn í vítaspyrnukeppni. Eðli málsins samkvæmt lítur Benítez enn á þetta kvöld sem hápunktinn á ferli sínum. Skömmu eftir að lokaflautið gall var hann samt farinn að leggja drög að næsta tímabili um borð í flugvélinni heim til Liverpool.

Þannig er Benítez vel lýst, manni sem vill alltaf gera betur í dag en í gær. Steven Gerrard lét einu sinni hafa eftir sér – eftir nokkur tímabil – að hann væri ennþá að bíða eftir hóli frá Benítez eftir leik. Þjálfarinn heldur því raunar fram að hann hafi hælt leikmanninum en takmark hans sé einfaldlega að ná því besta út úr mönnum. „Stevie er svo ótrúlega góður að ég var alltaf að reyna að ýta honum aðeins lengra. Þegar við unnum Meistaradeildina 2005 sagði hann við mig: „Núna þarftu að gera mig að besta miðjumanni í heimi!“ Þannig unnum við, vorum alltaf að reyna að bæta okkur. Maður þarf alltaf að biðja um meira, knattspyrnustjóri getur aldrei verið saddur, hann verður alltaf að vilja gera liðið sitt ennþá betra.“

## Alltaf að stefna hærra

Hann minnist þess hvernig hann tamdi sér þetta viðhorf ungur að árum. „Þetta lærði ég hjá Real Madríd, að ljúka keppni í efsta sæti og vera besta liðið, en stefna samt að því að bæta sig. Hjá Liverpool sagði ég mönnum að þetta snerist ekki eingöngu um að vinna og vera glaður, til dæmis 2:0. Máski hefðum við getað unnið 4:0. Þegar rýnt er í árin mín hjá Liverpool kemur í ljós að við unnum fjóra titla og komumst í þrjá úrslitaleiki að auki. Okkur gekk vel, án þess að hafa bjargir til þess.“

Benítez er þeirrar skoðunar að tími hans hjá Liverpool hefði getað borið enn meiri ávöxt hefði hann haft meira fé til ráðstöfunar til leikmannakaupa. Þetta leiddi til ágreinings við stjórn félagsins og á endanum skildu leiðir árið 2010. Sama var uppi á teningnum hjá Internazionale á Ítalíu, þangað sem hann fór frá Liverpool og staldraði stutt við.

„Þegar ég kom til Mílanó lofaði forseti félagsins mér nokkrum leikmönnum en enginn var keyptur. Ég sá í hendi mér að án nýrra leikmanna yrði erfitt að vinna titla. Við vorum með fimmtán leikmenn sem komnir voru yfir þrítugt.“

Nokkrum dögum eftir að hafa unnið heimsmeistarakeppni félagsliða yfirgaf Benítez Inter en þá hafði hann þegar skorað opinberlega á stjórnarformann félagsins að styðja við bakið á sér í næsta félagaskiptaglugga.

Eftir þetta stutta tímabil á Ítalíu lá Benítez ekkert á. „Ég var með tilboð frá alls kyns félögum en ekkert af þeim hentaði mér. Ég var leynt og ljóst að bíða eftir stórliði, til að geta barist um titla.“

Sú bið stóð í næstum tvö ár. Í millitíðinni hannaði Benítez sinn eigin hugbúnað fyrir knattspyrnustjóra, Global Coach, sem gerir mönnum kleift að skapa, geyma og kalla upp taktík stafrænt.

## Leið vel á Stamford Bridge

Í nóvember 2012 sneri hann aftur til starfa, skrifaði undir skammtímasamning við Chelsea. „Á þeim tíma leit ég á það starf sem tækifæri. Ég var með annað tilboð í höndunum frá öðru landi en það dróst þar sem það lið var ennþá með knattspyrnustjóra. Þá kom Chelsea inn í myndina og Roman Abramovitsj tjáði mér hverju hann væri að leita eftir. Við töluðum einu sinni eða tvisvar saman og síðan byrjaði ég að vinna með Chelsea.“

Þetta gekk vel, Chelsea vann Evrópudeildina undir stjórn Benítez og hafnaði í þriðja sæti í deildinni. Samt sem áður stóðu sumir stuðningsmenn Chelsea aldrei með honum – tengdu hann ennþá við Liverpool – og létu óánægju sína jafnvel opinberlega í ljósi. Eigi að síður segir Benítez sér hafa liðið vel á Stamford Bridge. „Ég fullyrði að þetta var góður tími, mun betri en fólk heldur, vegna þess að starfsfólk félagsins var frábært, eins leikmennirnir. Ég átti ekki í vandræðum með að vinna með nokkrum manni þarna. Abramovitsj hefur líka alltaf reynst mér vel. Ég veit að sumir áhangendur voru ósáttir en ég hafði verk að vinna, að skila því sem ætlast var til.“

## Formaðurinn stóð við orð sín

Benítez vissi að samningurinn yrði ekki framlengdur um vorið og gat því hlustað á tilboð frá öðrum félögum. Aurelio di Laurentiis, stjórnarformaður Napólí, kom til Lundúna til að kynna honum áform sín. Spánverjinn hreifst af því sem hann hafði fram að færa en di Laurentiis lýsti meðal annars áhuga sínum á því að kaupa leikmenn á borð við Gonzalo Higuaín. Benítez langaði líka aftur í Serie A eftir að hafa aðeins staldrað við í hálft ár hjá Inter.

Hann kveðst frá upphafi hafa haft góða tilfinningu fyrir Napólí. „Þetta var öðruvísi en oft áður. Stjórnarformaðurinn kom til mín og stóð síðan við orð sín. Eftir það vorum við á sömu blaðsíðu.“

Benítez vann ítalska bikarinn og ofurbikarinn á Ítalíu, það er leikinn milli deildarmeistaranna og bikarmeistaranna.

Nú vonast Benítez eftir að láta kné fylgja kviði hjá Real Madríd og mun leggja allt í sölurnar til að færa félaginu bikarana sem hann hefur unnið áður. Eftir tveggja áratuga streð hjá öðrum félögum snýr hann aftur heim reynslunni ríkari. Reiðubúinn að takast á hendur nýja áskorun á Santiago Bernabéu.

Arthur Renard er sjálfstætt starfandi blaðamaður í Amsterdam.